

Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Skjólbrekka í Mývatnssveit
29. mars 2010, kl. 20:32:00
46 gestir

Fundafrásögn: Friðrik Dagur Arnarsson

Fundur var haldinn í félagsheimilinu Skjólbrekku í Mývatnssveit, mánudaginn 29. mars en þar voru niðurstöður faghópa rammaáætlunar 2 kynntir. Fundurinn hófst kl. 20:32 og þegar hann byrjaði voru rúmlega 40 fundargestir í salnum, auk 9 fulltrúa frá verkefnastjórn: Svanfríður I. Jónasdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Anna G. Sverrisdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kristín Huld Sigurðardóttir, Friðrik Dagur Arnarson, Björg Eva Erlendsdóttir og Tómas Þór Tómasson.

Svanfríður formaður verkefnisstjórnar bauð fólk velkomið og gerði stutta grein fyrir Rammaáætlun og þeirri kynningarherferð sem í gangi er um niðurstöður faghópa. Hún sagðist vonast eftir góðum umræðum og spurningum og hvatti fundarmenn til þess að koma fram með athugasemdir og ábendingar við verkefnastjórnina, bæði á fundinum og einnig síðar, í formi tölvupósts og hefðbundinna bréfa. Þegar hún lauk máli sínu kl. 8:40 voru 46 gestir í salnum, auk verkefnisstjórnarfólksins.

Guðni orkumálastjóri kom fyrstur faghópsstjóra með kynningu, en hann hóf mál sitt kl.8:41. Hann fór stuttlega yfir nálgun hópsins að verkefninu og útlagði niðurstöður faghóps 4 í stuttu máli. Hann lauk máli sínu kl. 8:48.

Næstur kom Kjartan formaður faghóps 3 og kynnti hvað hafði verið gert í hópnum. Hann byrjaði 10 mínútum fyrir 9 og fór yfir verkefni faghópsins í stuttu máli og rakti síðan niðurstöður hans. Hann útskýrði aðferðafræðina sem notuð var og tók dæmi hvernig hún virkaði. Meðal annars undirstrikaði hann að ekki sé hægt að segja með þessari aðferðafræði, að stór virkjun sé betri en minni, aðeins að hún hafi meiri áhrif. Kynningu hans lauk kl. 9:07.

Anna Sverrisdóttir kom á eftir Kjartani kl. 9:08. Hún kynnti faghóp 2 og verkefni hans sem eru breytt frá Rammaáætlun 1. Ferðabjónustan tilheyrir nú þessum faghópi sem er stór breyting. Hún benti einnig á að í þessum áfanga ætti að taka mið af verndun líka og að þetta hafi kallað á aðra nálgun en í fyrri áfanganum. Ný vinnubrögð og aðferðir voru notuð, ný aðferðafræði þróuð og Anna kynnti í hverju það fólst. Síðan gerði hún grein fyrir niðurstöðum hópsins. Hún lauk máli sínu kl. 9:27

Þóra Ellen lauk kynningunni með frásögn af starfi faghóps 1. Hún byrjaði að tala kl. 9:28. Eftir að hún hafði rakið forsendur vinnunnar fór hún yfir hvernig matsvinnan var uppbyggð. Síðan kynnti hún dæmi um virkjunaráform frá þessu landshorni. Hún kom víða við og meðal annars sagði hún frá ólíkri stöðu jarðfræði og líffræði hvað varðaði alþjóðlega samninga og sáttmála. Kynningu hennar lauk kl. 9:50.

Samtals tóku því inngangur Svanfríðar og kynningar fagstjóranna eina klukkustund og 18 mínútur.

Þá var opnað fyrir spurningar úr sal.

Hreinn Hjartarson talaði um verðmæti svæða fyrir ferðamennsku. Vakti athygli á að Goðafoss, Gjástykki og Fremri námar fá svipaðar einkunn og var forvitinn um hvernig sú niðurstaða hefði verið fengin.

Sigurður Erlingsson spurði: Hvernig er hægt að meta Bjarnarflagsvirkjun og Jarðböðin svipað og Bláa lónið? Aðstæðurnar á þessum stöðum eru illa sambærilegar vegna ólíks nágrennis. Er búið að meta friðsæld í Bjarnarflagi miðað við hávaðan í Svartsengi, var spurning hans.

Guðrún María Valgeirsdóttir spurði hvað rannsóknir liggi að baki áhrifa jarðvarmavirkjana á veiði.

Tryggvi Harðarson spurði um beit á Þeistareykjum, hvort það gæti verið rétt að hún verði úr sögunni þegar búið er að virkja.

Guðbjartur Ellert Jónsson velti fyrir sér aðferðafræðinni og spurði: Er fullvíst ef menn færu í annað mat á þessum þáttum að sama niðurstaða fengist?

Jón Lýðsson. Hvernig er hægt að hafa grágæs á válista? Hún er víða mjög algeng.

Anna Sverrisdóttir svarar af hverju sama einkunn kemur út. Lokatalan er samsett tala, margt sem kemur til sem hún byggist á og ólíkir þættir skora hátt á mismunandi stöðum. Ekki búið að meta allt landið sem ferðasvæði sem hefur áhrif. Áhrif eru metin mjög misjöfn eftir því hvað mikið er raskað á svæðinu, t.d. umhverfi Baðlónsins. Hún hvatti menn til að kynna sér matið og skoða gögn á netinu.

Varðandi veiðar þá liggja fyrir gögn frá Veiðimálastofnun sem matið byggði á og á sumum svæðum er hætta af frárennsli frá háhitasvæðum og vegna lektar bergs. Beitin á Þeistareykjum, mat þeirra sem hafa skoðað þetta er að þarna verði um neikvæð áhrif að ræða og hún fór yfir tölur um það.

En yrði matið eins? Áleitin spurning. Varðandi sumt þar sem göng eru skýr og góð yrði það vafalítið þannig, en þar sem vantar gögn og þar sem matið byggir meira á huglægum þáttum gæti það breytt matinu ef meiri tími líður og meiri þekking hefur bæst við.

Dóra Ellen. Stofninn hefur minnkað hjá grágæs, það er líklega þess vegna sem hún er á válistanum og sama staðan með hrafninn.

Varðandi matið, já líklega yrði það eins. Þegar horft er á verðmætin yrði það svo, meiri óvissa ef horft er til áhrifanna. Samt er það svo ef horft er til rannsókna sem birst hafa á síðustu árum, að mat manna á landslag og fegurð þess sýna að það er ekki eins mikill munur á þessu milli manna og haldið hefur verið. Þar sem margir þættir eru metnir saman er þó auðvitað meiri óvissa.

Aðferðafræðin hefur miðað að því að gera matið eins gegnsætt og hægt er og minnka persónulegt mat.

Kristján Þ Halldórsson spurði Kjartan hvort gert sé ráð fyrir fylgni staðsetningar og orkunotenda. Hann spurði síðan Guðna – vegur ekki orkuflutningskostnaður inn í hagkvæmniútreikningana? Hvert er reiknað með að flytja orkuna, að landsneti (byggðalínu) eða hvað? Svanfríður var síðan spurð hversu líklegt sé að sátt náist um vinnuna og hvernig hún muni nýtast.

Svanfríður svaraði að hún teldi líklegt, að ef Alþingi auðnast að samþykkja frumvarpsdrögin sem fjalla um niðurstöður áætlunarinnar og við fáum ramma um nýtingu, vernd og fyrir biðflokk, ef Alþingi afgreiðir þetta og verkefnastjórninni tekst sæmilega til við afgreiðslu verksins þá verði stór hluti þjóðar þökkalega sáttur. Þó verði alltaf til hópar á báðum vængjum sem vilja ganga lengra í því sem þeir eru að berjast fyrir. En menn eigi að geta orðið sáttir um það ferli sem er í gangi, því þetta er ekki lokaniðurstaða heldur áfangi í vinnuferli. Til að halda áfram þarf lagarammann um hvernig á að standa að framhaldinu. Alltaf bætist við ný tækni og útfærsla sem kalli á endurskoðun og mat á nýjum virkjanaáformun. En ef þetta ferli kemst í gang, þá getur náðst bærileg sátt um þetta.

Kjartan. Góð spurning sem fram kom um fylgni staðsetningar og notkunar. Miklar vangaveltur fóru fram um þetta í hópnum. Í honum gefum við okkur það varðandi líkanið að ákveðnar forsendur gefi ákveðnar niðurstöður, þannig að útkoman er ekki háð þeim sem vinna verkið, heldur forsendunum sem eru settar inn. Ef farið er í allar virkjanirnar verða áhrifin mest á höfuðborgarsvæðinu, en varðandi einstakar virkjanir er málið annað. Til skemmri tíma getur virkjun verið byggð fyrir ákveðið verkefni, en það er í raun villandi að horfa þannig á það, því dreifikerfið er samfellt og orkan kemur úr kerfinu. Ef t.d. kæmi gagnaver í Húnavatnssýslu er það þá Blönduvirkjun sem sér því fyrir orku? Ef virkjað er í Þjórsá vegna þess að það á að reisa gagnaver, fer þá orkan úr Blöndu í það? Orka sem fer í eina átt í dag getur farið í aðra átt á morgun, eftir því hvernig kerfið byggist upp. Það er því betra að hugsa þetta ekki í svona kössum. Hvað gerist t.d. þegar orkusölusamningur rennur út, hvað tekur þá við. Þó 30 ár séu langur tími fyrir okkur flest þá er það ekki mikið fyrir þetta.

Guðni benti á að kerfið er samfellt og rafmagnið fer víða. Hagkvæmnin var skilgreind í flokka og orkufyrirtækin röðuðu sínum áætlunum í flokka og síðan kom Orkustofnun og allt var uppfært á sama verð. Tengingarnar voru áhyggjuefni því þær liggja ekki ljósar fyrir. Hver virkjun var metin einstök og því var gengið út frá því að hver tenging yrði í næsta tengipunkt. Upplýsingar voru ónákvæmar og því áhyggjur í upphafi. En eftir útreikninga, hann tók fram að ekki var reynt að auka hagkvæmni einstakra virkjana með því að búa til samtengingar milli fleiri virkjunaráforma – þá kom í ljós að ekki skipti miklu hver þessi kostnaður yrði og myndi því í langflestum tilfellum ekki færa virkjanir milli hagkvæmniflokka.

Böðvar Pétursson spurði út í töflur 6.1 og 6.2. Þarna er ólíkt raðað þannig að best og verst passar ekki saman. Það þarf að rýna í þetta og þetta getur valdið misskilningi hvað er besti kostur og verst kostur. Þetta hefði þurft að samræma. Hann spurði síðan út í vægi þátta hjá faghópi 2. Var útivistin að telja mikið? Anna svaraði strax og sagði að svo væri ekki, þar sem útivist kæmi ekki fram í tölum Hagstofunnar en gögn frá henni hefðu legið til grundvallar. Böðvar þakkaði að lokum fyrir að komið væri út á land með kynningu þannig að fólk gæti fræðst og spurt spurninga.

Sigurður Erlingsson spurði Guðna hver kostnaður megi vera til að virkjun teljist hagkvæm miðað við aðstæður í dag. Til Kjartans: Ef við horfum á Kárahnjúka sést að þar eru að koma fram önnur áhrif en búist var við. Hversu fljótandi, sveigjanleg eru þessi líkön? Hvað með veiðina, hvað með veiði í sjó, er það metið? Svæðin eru síðan misvel þekkt. Var einhvern veginn reiknað inn að það kynnu að vera meiri verðmæti á ákveðnum svæðum, þó þau séu ekki þekkt?

Hafsteinn H. Gunnarsson Með hvaða hætti er tekið tillit til afturkræfni virkjananna?

Birkir Fanndal spurði: Anna, voru mæld einhver jákvæð áhrif á ferðapjónustu af virkjunum? Guðni: hvað má virkjun kosta og hvaða kostnaðarflokkar eru í myndinni. Í svari Guðna kom fram að nú er verið að reyna að fjármagna nýjar virkjanir og við vitum ekki hvernig til tekst og hvaða kjör fást. Við núverandi aðstæður eru skilin í hagkvæmni milli 3 og 4.

Kjartan svaraði. Vandinn fyrir austan, eftir 6 ára skoðun sýnir að margt spilar inn í. Framkvæmdatíminn hegðaði sér svipað og spáð var en útkoman var mjög ólík því sem héraðshöfðingjar fyrir austan spáðu. Hlutir eru allaf breytilegir milli virkjana og milli tímabila. Fer t.d. eftir stöðu hagkerfisins. Verðmæti sem eru óþekkt eru spennandi viðfangsefni. Umræðan snýst mikið um að svæði fá aðra útkomu en menn bjuggust við. En þegar horft er á allt landið kemur út annar samanburður en einhverjir bjuggust við, þar sem kerfisbundið var verið að leita að ákveðnum þáttum.

Anna. Jákvæðu áhrifin! Talsvert margir kostir höfðu áhrif jákvæð á innviði t.d. en það eru mörg viðföng sem eru metin og þeir voru ekki allir jákvæðir samtímis. Vegir t.d. eru jákvæðir í sumum samanburði. Þessi jákvæðu áhrif náðu þó hvergi að vega upp áhrif á landslag og upplifun sem var neikvæð. Þetta var sannarlega tekið með. Staða hönnunar í einstökum virkjunaráformum er mislangt komin. Þar sem búið er að fullhanna voru mótvægisáðgerðir teknar inn. Þar sem upplýsingar vantar var það ekki hægt og því var eitthvað sem bara er hugsanlegt ekki metið. Afturkræfni framkvæmdanna hefur áhrif og það kemur inn í matið, að minnsta kosti óbeint þó það væri ekki sérliður.

Þóra Ellen. Veði í sjó. Þetta er lykilatriði. Hvaða áhrif verða er gruggið situr eftir og stíflur breyta vorflóðum eða taka þau úr sambandi. Grein í Náttúrufræðingnum 2008 eftir Jón Ólafsson fjallar um þetta. Virkjanir í Þjórsá, áhrif á kísilþörungum í sjónum á slóðum margra mikilvægra nytjastofna. Þörungarnir klára kísilinn í blóma og þá er spurning um hvernig orsakasamhengi er milli framboðs á kísli og stöðu seiða. Hópurinn sagðist vera meðvitaður en að öðru leyti ekki tekið með. Þetta óþekkta er vissulega tekið með. Hitakærar örverur, sum svæði rannsökuð, annað ekki og þar þurfti að meta. Mikið til af óþekktum áhrifum. Hvað gerist t.d. neðst á vatnsvæðum, t.d. við Skjálfandafljót, í Öxarfirði og við Héraðsvötn. Fokhætta frá lónum er líka óvissuþáttur um áhrif. Afturkræfnin er mikilvæg en ekki voru til gögn með fullnægjandi hætti til að meta hana.

Svanfríður minnti á að skýrslan sjálf er bara lítið brot af því sem hægt er að ná í á vefnum og hún hvatti til að menn nýttu sér öll þau gögn sem þar eru. Síðan endurtók hún fyrri hvatningu um að senda línu til verkefnastjórnar með ábendingum.

Guðbjartur.... Heildarkostnaður við rammaáætlun eru 950 milljónir. Af hverju eru náttúrufarsrannsóknir um helmingur? Svanfríður upplýsti að mikið hafi vantað af grunnögnum um náttúrufar og nú er búið að safna miklu og við stöndum betur að vígi fyrir vikið. Alltaf mun halda áfram að bætast við þekkinguna og setja hluti í nýtt ljós. En við vinnum með það sem best er í dag og verðum að nýta það sem við höfum en síðan verðum við að halda áfram.

Gylfi Yngvason. Jarðhitavirkjanir eru nýjar í sögu okkar, ung fyrirbæri. Mikið er rætt um virkjanir á Reykjanesi. Einn sérfræðingur segir að meira megi taka, annar við erum að taka of mikið. Hverju á að trúa. Hvaða með áhrif virkjunar í Mývatnssveit? Lífríkið er einstætt m.a. vegna blöndunar heits og kalds vatns. Hvað vitum við mikið um þessa stöðu og um þau áhrif sem röskun vegna virkjunar gæti haft á lífríki Mývatns?

Guðni. Vitum meira um vatnsaflíð. Jarðhitinn, við metum fyrst út frá mælingum á yfirborði. Öllum upplýsingum safnað saman og þannig haldið áfram. Óvissan er mikil og því betra að vinna að virkjun í áföngum. Ekki gott að vita hvað kemur út að lokum. Ekki aðalvandinn að svæðin kólni heldur að jarðhitavökvinn tæmist, vatnsstaðan verði of lág og við fáum suðu neðar en það getur valdið breyttri hveravirkni og hættu. Við getum átt von á því að þurfa að hvíla svæði eftir 50 ár í 50 ár en líka að við getum unnið í 150 ár án hvíldar. Við lærum mest af því að gera hlutina.

Að lokum þakkaði Svanfríður fyrir fundinn. Hún benti líka á lengri kynningarformanna faghópanna sem eru á netinu frá fundi 9. mars.

Fundi lauk kl. 22:47.